



Faghópur II

Fundargerð 8. fundar

Iðnaðarráðuneytinu 15. maí 2009, kl. 8:30

Mætt: Anna G. Sverrisdóttir, Anna Dóra Sæþórsdóttir, Ólafur Örn Haraldsson, Sveinn Runólfsson, Rögnvaldur Ólafsson og Tómas Þór Tómasson sem skrifaði fundargerð.

Forföll: Jóhannes Sveinbjörnsson.

Fundarfrásögn:

1. **Fundargerð síðasta** fundar hafði ekki verið dreift og er því enn ósamþykkt
2. **Nýr meðlimur.** Anna kynnti nýjan meðlim hópsins sem er Rögnvaldur Ólafsson, dósent við Háskóla Íslands og forstöðumaður Fræðasetra Háskólans, en hann fyllir skarð Brynhildar Davíðsdóttur.
3. **Virkjunarkostir vs. útivist.** Ólafur fór yfir drög að virkjunarkostum og lýsti sínu álitni á því hvaða svæði skiptu mestu máli gagnvart útivist:
 - a. Háhitasvæði:
 - i. Seltún og Sandfell í Krýsuvík
 - ii. Brennisteinsfjöll
 - iii. Ölkelduháls/Bitra og Grændalur á Hengilssvæði
 - iv. Geysir
 - v. Kerlingarfjöll
 - vi. Hveravellir
 - vii. Vonarskarð („ósnortin víðerni“)
 - viii. Torfajökull
 - ix. Kverkfjöll og Askja
 - x. Gjástykki.
 - b. Vatnsafl:
 - i. Skoða sérstaklega hagsmuni flúðasiglinga í Skagafirði.
 - ii. Allar ár í V-Skaftafellssýslu (á Síðu)
 - iii. Hagavatn og Farið
 - iv. Jökulfall
 - v. Bjallavirkjun og Tungnálón
 - vi. Hrafnabjargavirkjun (Aldeyjafoss)
 - vii. Markarfljót
 - c. Í umræðum um svæðin var áréttað mikilvægi þeirra sem undirstrikuð eru að ofan. Jafnframt var rætt um að nánari upplýsingar vantaði um Hágöngur, Hróthálsa og Fremrináma.
 - d. Sveinn taldi í fljótu bragði að enginn þessara jarðhitakosta sem kynntir höfðu verið hefðu áhrif á beitarhlunnindi. Mun þó skoða betur með Jóhannesi.

4. **Kort.** Vert er að safna saman góðum kortum. Festa kaup á Íslands-Atlasi Máls & menningar.
5. **Fyrirlestur Stefáns Arnórssonar um sjálfbærni jarðhita.** Útvega glærukynningu Stefáns frá ráðstefnu á vegum stofnunar Sæmundar fróða og Umhverfisstofnunar.
6. **Flúðasiglingar í Skagafirði.** Grafa upp úttekt á tekjum og arðsemi flúðasiglinga sem Þorleifur Þór Jónsson, fyrrv. hagfræðingur SAF, tók saman vegna 1. áfanga rammaáætlunar.
7. **Drög að lista yfir virkjunarkosti.** Senda nýjasta lista til hópmeðlima og bæta við einum dálki til notkunar fyrir hópinn. Draga saman gögn um einstaka virkjunarkosti.
8. **Gögn um framtíðarhagsmuni ferðapjónustunnar.** Framtíðaráætlanir ferðapjónustunnar liggja hvergi fyrir á einum stað sem gerir mat á einstökum svæðum örðugt. Fá fund með Umhverfisnefnd SAF og ræða stöðu einstakra svæða.
9. **Drög að viðmiðum.** Viðmið útvistar (almeningur/heilsubót/lífsfylling)) og ferðapjónustu (atvinnurekstur/fyrirtæki) liggja víðast saman. Við matið skal reynt að líta fram á veginn – huga að framtíðinni - en einnig er nauðsynlegt að líta til stöðunnar í dag. Auk viðmiða sem notast var við í 1. áfanga er vert að huga að nýjum viðmiðum, t.d.
 - a. Lífibrauð
 - b. Kemur eitthvað annað í staðinn.
 - c. Fjöldi ferðmanna/gesta
 - d. Fjölbreytileiki náttúru.
 - e. Kyrrð – hljóð/þögn

Rögnvaldur og Anna Dóra taka að sér að setja upp viðmið og skoða nálgun aðferðafræði útvistar og ferðapjónustu. Munu bera tillögur sínar undir Önnu formann hópsins fyrir næsta fund.

10. **Næsti fundur** verður haldinn 4. júní í lðnaðarráðuneyti. Stefnt að fundum alla fimmtudaga í júní.